

Aðalfundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis í Glerárskóla
klukkan 20:00 þann 21. mars 2012.

Mættir: hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis, Hörður Geirsson frá Minjasafninu,
Sigríður Stefánsdóttir frá afmælisnefnd Akureyrarbæjar ásamt hverfisbúum.

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstörf

Formaður setur fund

Kosning fundarstjóra og ritara

Skýrsla stjórnar

Kosning stjórnar næstu 2ja ára.

Berglind formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Berglind mælti með Óskari Inga Sigurðssyni sem fundarstjóra og Brynju Sigurðardóttur sem ritara og var það samþykkt án athugasemda.

Formaður flutti skýrslu stjórnar.

Berglind sagði frá störfum nefndarinnar síðastliðið ár, að haldnir hafa verið 9 fundir á árinu og þá sagði hún frá starfsreglum hverfisnefndar.

Talaði hún um að erindi til framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar hefði verið sent (sjá eldri fundargerðir) og ítrekað oftár en einu sinni. Hluti stjórnar fór á fund í október hjá stjórnarsýslunefnd og óskaði eftir við nefndina að fá svör við bréfum okkar, það væri sjálfsögð kurteisi. Fengust síðan svör 1. desember og vonast hverfisnefnd til að svör við fyrirspurnum hennar berist fljótar í framtíðinni.

Eitt erindi kom formlega frá hverfisbúa varðandi frágang við byggingarsvæðið við Undirhlíð sem þótti ekki til fyrirmyndar. Þá fékk nefndin sent í tölvupósti deiliskipulag er varðaði hafnarsvæðið í Krossanesi og Óseyri, engar athugasemdir voru gerðar þar að lútandi. Fura ehf. endurvinnsla var heimsótt og þótti nefndarmönnum vel að öllu staðið þar á bæ og gerðu engar athugasemdir við starfsemina. Þá hafa þau Berglind og Óskar setið í skólaráði Glerárskóla í vetur. Ákveðið var að draga sig út úr hausthátíð Glerárskóla og fannst nefndarmönnum að þetta væri vettvangur skólans frekar en okkar.

Hugmynd kviknaði að láta mála/skreyta undirgöngin hér í hverfinu þ.e. við Gleránnu og undir Hörgárbraut . Sótt var um leyfi til Vegagerðarinnar og er beðið svara frá þeim. Einnig var rætt við myndlistarkennara Glerárskóla, hana Aðalbjörgu um að ganga í þetta verk ásamt nemendum og var það auðsótt mál. Bæjarfulltrúarnir þeir Geir Kristinn Aðalsteinsson og Hermann Jón Tómasson eru væntanlegir 10. maí hér í hverfið og minntist formaður á að hverfisnefndin verður einnig þar til skrafs og ráðagerðar fyrir hverfisbúa.

Þá munu nefndarmenn áfram fylgjast með í hverfinu okkar og allar ábendingar eru vel þegnar bæði hrós og last.

Óskar fundarstjóri óskaði því næst eftir athugasemdum við skýrsluna en engar komu.

Kosning stjórnar var næst á dagskrá og minnti Óskar á að alltaf væri laus pláss í hverfisnefnd og því fleiri því betra. Engar tilnefningar komu en allir nefndarmenn hafa ákveðið að halda áfram.

Aðalmenn:

Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Guðmundur Geirsson, Óskar Ingi Sigurðsson og Helgi Stefánsson

Varamaður:

Eiríkur Jónsson

Fyrri erindi fundarins:

Hörður Geirsson frá Minjasafninu fór yfir sögu Glerárþorpsins með myndum og frásögn. Góð frásögn þar og mikið spáð og spekúlerað í hlutina. Komu ýmsar hugmyndir/tillögur upp sem hverfisnefndin mun vinna að á næsta starfsári.

Kaffiveitingar í boði hverfisnefndar var næst á dagskrá.

Seinna erindi fundarins:

Sigríður Stefánsdóttir frá afmælisnefnd Akureyrar sagði frá 150 ár afmælisárinu í grófum dráttum. Mikið verður um að vera og alltaf að bætast við atburðir. Hægt er að fylgjast með á facebook.com, akureyri.is og einnig á visitakureyri.is.

Nefndin sagði frá hugmynd sinni að merkja gömul hús í þorpinu og mun vera í sambandi við afmælisnefndina varðandi það mál á næstu vikum. Er þetta verkefni sem hverfisnefndin mun vinna að á næsta starfsári.

Önnur mál voru umræða um hverfið. Um þrjátíu manns sóttu fundinn og nokkrar ábendingar komu frá fundargestum um lagfæringar á hverfinu okkar og voru allar ábendingar skráðar niður og mun hverfisnefnd vinna í þeim lagfæringum.

Fundi slitið 21:45.

Ritað 21. mars 2012

Brynja Sigurðardóttir